# Dagskrá HÚNAVÖKU 2026

Allir íbúar í þéttbýli og dreifbýli Húnabyggðar eru hvattir til þess að skreyta í sínu nærumhverfi

## Miðvikudagur 15. júlí

**Kl. 20:30 - 22:00 Gömludansaball**
með Norðvestan 7 í Félagsheimilinu á Blönduósi. Húsið opnar kl. 20. Barinn opinn. 18 ára aldurstakmark. Hvetjum fólk til að mæta í Peysufötum. Frítt inn.

## Fimmtudagur 16. júlí

**Kl. 18:00 - 20:00 Götugrill**
við Félagsheimilið á Blönduósi. Húnabyggð og Ölgerðin bjóða öllum íbúum og gestum Húnavöku upp á grillaða hamborgara og drykki. Nemendur árganga 1966, 1976 og 1986 (frá Húnavallaskóla og Grunnskólanum á Blönduósi), eru hvattir til að heyrast, mæta og standa grillvaktina. Barinn opinn í félagsheimilinu. Takið með ykkur stóla. Söngatriði: Kris (Kristrún Jóhannesdóttir) söng- og leikkona ásamt MPUERV (Melanie Ervin) söng- og leikkonu. Trúbbastemming með Gunnari Inga Jósepssyni, Helgu Margréti Jóhannesdóttur og Gunnhildi Gísladóttur.

**Kl. 20:30 - 23:00 Sögustund og bjórkvöld**
með Magnúsi Ólafssyni í Eyvindarstofu. Sögustund um Fjalla - Eyvind með Magnúsi Ólafssyni.

**Kl. 21:00 - 01:00 STYRKTARBINGÓ**
meistaraflokks Kormáks/Hvatar í Félagsheimilinu á Blönduósi. Kl. 21:00-22:30 (húsið og barinn opinn til kl. 01:00). Húsið opnar kl. 20:30. Aðgangseyrir 2.000 kr. Eitt spjald innifalið. Auka spjöld kosta 1.000 kr. Uppboð á treyjum og happdrætti.

## Föstudagur 17. júlí

**Kl. 12:00 - 14:00 Bangsaspítali HSN**
á Blönduósi. Áttu bangsa eða dúkku sem þarfnast aðhlynningar? Börnin koma með sjúklingana sína og segja frá því hvað kom fyrir og hvað er að hrjá þá. Á Bangsaspítalanum fá bangsarnir og dúkkurnar hlýja umönnun, umbúðir og góð ráð til að ná bata. Leikur, ímyndunarafl og gleði í forgrunni - öll bangsadýr og dúkkur hjartanlega velkomin!

**Kl. 13:00 - 16:00 Opið hús í TextílLabinu**
á Þverbraut 1. Verið hjartanlega velkomin. Boðið verður upp á kaffi og safa fyrir gesti. Alissa og Sarah sýna aðstöðuna, búnaðinn og svara spurningum um textíl, tækin og vinnuaðstöðuna. TextílLab er fyrsta stafræna textílsmiðjan á Íslandi.

**Kl. 13:00 - 17:00 Héraðsbókasafn/ Héraðsskjalasafn**
- Bókamarkaður og ljósmyndasýning. Mikið úrval af notuðum bókum. Ljósmyndasýning rúllar með gömlum myndum frá Blönduósi. Stutt bókmenntaganga um Blönduós (engin ákveðin tímasetning). Nánari upplýsingar á bókasafninu.

**Kl. 14:00 - 17:00 Listasýning**
í Hillebrandtshúsinu. Sýnendur eru: Inese Elferte og Margrét D. Taylor.

**Kl. 15:30 - 17:30 Vilko vöfflu röltið/rúnturinn**
í boði VILKO og MS - takið röltið/rúntinn og rennið á lyktina! Gestgjafar eru:
***Melabraut 11*** - Sara Lind
***Sunnubraut 4*** - Valli Húnabyggð og Ólöf, ásamt Aðalbjörgu, Maríönnu, Ósk og Guðmanni
***Sunnubraut 23*** - Dísa og Alda
***Garðabyggð 6*** - Hrefna og Beggi
***Urðarbraut 18*** - Sigurlaug Gísladóttir
***Höllustaðir*** - Helgi Páll Gíslason
***Hólahvarf í Langadal*** - Fish Partner/Sindri Hlíðar. Opið hús á sama tíma, hægt að skoða aðstöðuna.
***Húnabær 4*** (Skemma ofan við Brekkubyggð) - Anna Margret og Stebbi Páls. Opið hús í skemmunni hjá Stebbi Páls ehf. á sama tíma.

**Kl. 17:00 - 19:00 Jeppasýning**
hjá 4x4 klúbbnum. Á planinu fyrir framan við Félagsheimilið á Blönduósi. Einnig verða torfærubílar til sýnis.

**Kl. 18:00 Leikhópurinn Lotta**
á Þríhyrnunni (á túninu við gatnamót Árbrautar og Húnabrautar) Ókeypis aðgangur.

**Kl. 20:30 Eyþór Ingi**
- Einn á flakki í Félagsheimilinu á Blönduósi. Kvöldstund þar sem Eyþór flytur blöndu af sínum uppáhalds lögum, eigin tónlist, sögum og skemmtilegum uppákomum eins og honum er einum lagið. Húsið opnar kl. 20. Barinn opinn. Miðasala á midix.is. Miðaverð: 6.500 kr.

**Kl. 22:00 - 01:00 Karíókí kvöld**
í Krúttinu. Karíókí í Krúttinu kl. 22:00 - 01:00 Barinn opinn til kl. 01. Húsið opnar kl. 20:00. 18 ára aldurstakmark.

**Kl. 23:00 - 03:00 Alvöru sveitaball**
með hljómsveitinni Alles Ókei ásamt Flóna og Alaska í Félagsheimilinu á Blönduósi. 18 ára aldurstakmark. Barinn opinn. Miðasala á Tix.is og við hurð. Miðaverð í forsölu: 6.500 kr. Miðaverð við hurð: 8.000 kr.

## Laugardagur 18. júlí

**Kl. 10:00 Húnavökumót BOREALIS**
í golfi á Vatnahverfisvelli. Skráning á www.golfbox.golf til kl. 19:00 föstudaginn 17.júlí. Mótsgjald kr. 4.000.

**Kl. 10:00 Skotfélagið Markviss**
- Íslandsmeistaramót í Norrænu Trappi (Nordisk Trap). Öllum er velkomið að fylgjast með framvindu mótsins.

**Kl. 10:00 - 16:00 Torfæran**
í Kleifarhorni - 3. umferð Íslandsmótsins í torfæru. Verð 3.500 kr. Frítt fyrir 12 ára og yngri. Miðasala á staðnum.

**Kl. 11:00 - 12:00 Froðurennibraut**
í brekkunni við Blönduóskirkju. Brunavarnir A-Hún sjá um að allir skemmti sér vel. Börn eru á ábyrgð foreldra/forráðamanna.

**Kl. 11:00 - 15:00 Héraðsbókasafn/ Héraðsskjalasafn**
- Bókamarkaður og ljósmyndasýning. Mikið úrval af notuðum bókum. Ljósmyndasýning rúllar með gömlum myndum frá Blönduósi. Stutt bókmenntaganga um Blönduós (engin ákveðin tímasetning). Nánari upplýsingar á bókasafninu.

**Kl. 11:00 - 17:00 Markaður**
í Félagsheimilinu á Blönduósi. Pantanir á borðum sendist á hunavaka@hunabyggd.is. Kaffihúsastemmning. Kvenfélögin í Bólstaðarhlíðar- og Svínavatnshreppi verða með kaffi og bakkelsi að sveitasið til sölu. Hægt að setjast niður og fá sér kaffi og með því og kaupa kaffibrauð í pokum. Ágóðinn af sölunni rennur til Hollvinasamstaka HSN fyrir kaupum á höggbylgjutæki. VILKO og PRIMA verða með sölu á helstu vörum sínum.Ýmsir aðrir söluaðilar.

**Kl. 12:00 - 15:00 Listasýning**
í Hillebrandtshúsinu. Sýnendur eru: Inese Elferte og Margrét D. Taylor.

**Kl. 13:00 - 15:00 Ísveisla í Kjörbúðinni**
á Blönduósi. Kjörbúðin býður upp á frostpinna frá Emmessís, á meðan birgðir endast.

**Kl. 14:00 - 17:00 Fjölskylduskemmtun**
í tjaldinu framan við Félagsheimilið á Blönduósi.
***- Arnór Björnsson kynnir - Tónafljóð***
***- Lína Langsokkur - Daniel Oldaker sirkuslistamaður***
***- Alaska - Flóni - Hoppukastalar***

**Kl. 14:00 - 17:00 Blaðrarinn**
gefur blöðrur við Félagsheimilið á Blönduósi.

**Kl. 15:00 - 17:00 Wipe out braut,**
hoppukastalar, og nautabani við Félagsheimilið á Blönduósi. Ókeypis aðgangur.

**Kl. 17:00 Knattspyrnuleikur**
á Blönduósvelli - 2. deild karla. Kormákur/Hvöt - Dalvík/Reynir. Fanzone opnar kl. 15:00 á vellinum. Hvetjum alla til að skella sér á völlinn.

**Kl. 18:00 Kótilettukvöld B&S**
í Eyvindarstofu. Veislustjóri kvöldsins er Pálmi Ragnarsson og Stefán Ólafsson mætir með gítarinn. Miðasala hjá Valla Húnabyggð á facebook eða í síma: 893-4331.

**Kl. 21:00 - 01:00 HM í beinni**
í Krúttinu - leikur um 3. sætið. Húsið opnar kl. 19. Barinn opinn.

**Kl. 21:00 - 21:40 Brekkusöngur**
í tjaldinu framan við Félagsheimilið á Blönduósi. Hinn eini sanni Magnús Kjartan leiðir brekkusönginn. Byrjað að hleypa inn í tjaldið kl. 20:30.

**Kl. 23:00 - 03:00 Alvöru sveitaball**
með Stuðlabandinu í Félagsheimilinu á Blönduósi. 18 ára aldurstakmark. Barinn opinn. Miðasala á Tix.is og við hurð. Miðaverð í forsölu: 6.500 kr. Miðaverð við hurð: 8.000 kr.

## Sunnudagur 19. júlí

**Kl. 10:00 Skotfélagið Markviss**
- Íslandsmeistaramót í Norrænu Trappi (Nordisk Trap). Öllum er velkomið að fylgjast með framvindu mótsins. Úrslit mótsins.

**Kl. 11:00 - 12:00 Latabæjarhlaup**
með Íþróttaálfinum á íþróttavellinum á Blönduósi. Öll börn fá medalíur og íþróttanammi frá Íþróttaálfinum í lok hlaups. Hlaupinn verður einn hringur á vellinum.

**Kl. 12:00 - 15:00 Listasýning**
í Hillebrandtshúsinu. Sýnendur eru: Inese Elferte og Margrét D. Taylor.

**Kl. 14:00 - 14:45 Orgeltónleikar**
í Blönduóskirkju. Eyþór Franzson Wechner organisti flytur sígilda dagskrá, þar sem meðal annars verða leikin verk eftir Bach og Mozart. Frítt inn.

**Kl. 15:00 Heimilisiðnaðarsafnið**
- Stofutónleikar. Höllustaða systkinin, þau Ólafur Freyr Birkisson, Hulda Margrét Birkisdóttir og Helgi Páll Gíslason bjóða upp á blandaða söngdagskrá. Píanóleikari verður Hjalti Þór Davíðsson. Eftir tónleika verður boðið upp á veitingar að hætti safnsins. Aðgangseyrir safnsins gildir, frítt fyrir 16 ára og yngri.

**19:00 HM í beinni í Krúttinu**
- Úrslitaleikur. Húsið opnar kl. 18. Barinn opinn.

*- Birt með fyrirvara um villur og ófyrirséðar breytingar á dagskrárliðum*

SÓKNARÁÆTLUN NORÐURLANDS VESTRA